

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Alur Helguvík



<b>Dags eftirlits</b>	17.7.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Alur	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigríður Kristjánsdóttir
<b>Heimili</b>	Borgartúni 26	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	5903982099	<b>Flokkur</b>	Ál
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Halldór Jónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	27.42 Álvinnsla
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Þorsteinn Adamsson	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram 2 ný frávík auk eldra frávíks um ráðstöfun á meðhöndluðum gjallsandi sem er í eftirfylgni hjá UST. Þá var gerð ein athugasemd við reksturinn.

- Frávík frá grein 1.5 í starfsleyfi. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar hefur ekki borist UST.
- Frávík frá grein 3.1 í starfsleyfi. Mælingum á útblæstri skal skilað fyrir 1.júlí árlea en hafa ekki borist UST í ár.

Athugasemd var gerð við græna bókhaldið sem ekki uppfyllir kröfur þær sem kveðið er á um í reglugerð 851/2002 um grænt bókhald.

## UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á eftirlitsfundi og síðan farið í skoðunarferð um verksmiðjuna og í skólgrýfjuna. Starfsemi verksmiðjunnar lá niðri þegar eftirlitið fór fram. Fyrirtækið starfar eftir starfsleyfi gefnu út 1.september 2011.

Á fundinum var byrjað á að fara yfir starfsleyfi og skilaskyldu þá sem kveðið er á um í því.

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar sbr. grein 1.5 í starfsleyfi hefur ekki verið skilað til UST. Rekstraraðili kvaðst bregðast við því eins fljótt og unnt væri.

Mælingar á ryki í útblæstri sbr. grein 3,1 skal skila fyrir 1.júlí árlega en hefur ekki borist UST. Niðurstöður mælinganna eru til skoðunar hjá rekstraraðila.

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað til UST 30.apríl sl. Sérstaklega var rætt um ákvæði 6.greinar reglugerðar 851/2002 um grænt bókhald.

Umhverfisvöktunaráætlun var samþykkt þann 14.janúar 2013. Samkvæmt rekstraraðila verða umhverfisvöktunarmælingar gerðar nú í sumar. UST óskar eftir niðurstöðum mælinganna þegar þær liggja fyrir.

Rekstraraðili hefur sent UST tillögu að vöktunarkerfi sbr. grein 3.1 í starfsleyfi og farið yfir þær athugasemdir sem UST gerir við hana.

Ársskýrslu sem kveðið er á um í grein 5.3 í starfsleyfi skal skilað fyrir 1.maí 2014.

Einnig var rætt um skráningu úrgangs. Magn úrgangs og ráðstöfun kemur fram í grænu bókhaldi. Brotaál er fyrst og fremst stálkór og steypumót sem send eru til Hringrásar í Helguvík. Afsogsryki er safnað í sekki og skolað og urðað með gjallsandinum.

Greinagerð um PCDD/PCDF sýnir fram á þessi efni eru óveruleg í útblæstri og í síuryki og því er ekki þörf á reglulegum mælingum á PCDD/PCDF losun frá starfsemi.

Þrýstiprófanir á lögnum voru gerðar í júlí 2012 og tæming olíugildra fór fram í júní 2013. Hljóðstig var mælt í maí 2009.

Rekstraraðili óskaði eftir að Halldór Jónsson verði framvegis skráður sem tengiliður fyrirtækisins.

Alur vinnur eftir eigin öryggis- og umhverfisstjórnunarkerfi byggðu á ISO14001. UST óskar eftir skýrslu um umhverfisstjórnunarkerfið.

Ráðist var í endurfóðrun á brennsluofnum árið 2012 og hafa niðurstöður mælinga á PCDD/PCDF í síuryki eftir þá framkvæmd verið innan marka.

Ráðstöfun meðhöndlaðs gjallsands og síuryks er í eftirfylgni hjá UST. Í bréfi frá 14.júní sl. úrskurðaði UST að sjóvaskaðan gjallsand beri ekki að flokka sem spilliefni en að hann standist ekki útskolunarpróf fyrir óvirkan úrgang og skuli því ekki nota til landfyllingar eða koma fyrir á hafsbotni nema að frekari rökstuðningur liggja fyrir því að slík meðferð sé ekki skaðleg umhverfinu. Gjallsandinum er nú safnað saman í haug við skólgrýfjuna í Selvík. Fjallað verður sérstaklega um þetta mál í tengslum við eftirfylgni við síðari eftirlitsskýrslu frá árinu 2012.

#### **ATHUGASEMDIR**

Í grænt bókhald fyrir árið 2012 vantar upplýsingar sem kveðið er á um í 6.grein reglugerðar 851/2002. Í bókhaldið vantar að tilgreina útgefanda starfsleyfis ásamt því hvaða aðili hefur eftirliti með starfsleyfi fyrirtækisins, númer fyrirtækjaflokks og stjórn fyrirtækisins.

#### **ANNAÐ**

Rætt var um eftirfarandi athugasemdir UST við tillögu að vöktunarkerfi sbr. grein 3.1 í starfsleyfi.

Ekki skal vísað í grein 5.1 í vöktunarkerfinu, einungis grein 3.1.

Grein 6. um álag á umhverfi á ekki við í vöktunarkerfinu.

UST óskar eftir að rekstraraðili sendi nýja tillögu að vöktunarkerfi með lagfæringum.

Í útstreymisbókhaldinu fyrir árið 2012 var rekstrarárið ranglega skráð 2011 og mun rekstraraðili því senda UST uppfærða útgáfu.

Reykjavík, 18.07.2013

---

Halla Einarsdóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.